



Eik fasteignafélag hf.

Aðalfundur 16. apríl 2026

Stjórn Eikar fasteignafélags hf. boðar til aðalfundar í félaginu kl. 15:00 fimmtudaginn 16. apríl 2026. Fundurinn verður haldinn á BRASA, Turninum, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi. Drög að dagskrá fundarins eru svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár
2. Ársreikningur og samstæðureikningur félagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, lagðir fram til staðfestingar
3. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnar og nefnda fyrir störf þeirra fyrir komandi starfsár
5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu
6. Tillaga stjórnar um heimild til að samþykkja kaupréttaráætlun
7. Tillaga stjórnar um heimild til að samþykkja kaupréttarkerfi fyrir stjórnendur og lykilstarfsmenn
8. Tillaga stjórnar um breytingu á samþykktum
9. Kosning félagsstjórnar
10. Kosning þriggja fulltrúa í tilnefningarnefnd
11. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags
12. Heimild til kaupa á eigin hlutum
13. Önnur mál sem löglega eru fram borin

Aðrar upplýsingar:

Hluthafi getur falið umboðsmanni að sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram dagsett og skriflegt umboð, en form að umboði er aðgengilegt á heimasíðu félagsins, www.eik.is/hluthafar. Á hluthafafundi fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn eru beðnir um að forskrá sig tímanlega á eftirfarandi vefslóð:

www.lumiconnect.com/events/eikagm2026

Hluthafar eru beðnir um að forskrá sig ekki síðar en kl. 15:00, þann 15. apríl 2026. Opnað verður fyrir forskráningu miðvikudaginn 8. apríl 2026. Með forskráningu þarf að fylgja mynd af skilríkjum og umboð, ef við á. Á fundinum mun atkvæðagreiðsla fara fram rafrænt í gegnum Lumi AMG kerfið. Hluthafar eru hvattir til að hlaða niður smáforriti Lumi AGM í eigin snjalltæki, en jafnframt geta þeir greitt atkvæði í gegnum heimasíðu Lumi AGM. Atkvæðisréttur fylgir eingöngu þeim hluthöfum sem sækja fundinn.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum og leggja fram ályktunartillögur ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu um það til stjórnar félagsins eigi síðar en mánudaginn 6. apríl 2026. Hægt er að senda tillögur fyrir fundinn á netfangið

stjornun@eik.is. Hafi hluthafi krafist þess að fá mál tekin til meðferðar á fundinum eða lagt fram ályktunartillögur fyrir framangreint tímamark, verða dagskrá og tillögur uppfærðar á heimasíðu félagsins eins fljótt og auðið er eftir móttöku þeirra. Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar, ef tilefni er til, eigi síðar en fimmtudaginn 2. apríl 2026. Mál sem ekki er getið í endanlegri dagskrá aðalfundar er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir stjórn.

Tillögur tilnefningarnefndar koma fram í skýrslu nefndarinnar sem er aðgengileg hluthöfum á heimasíðu félagsins. Fresti til að tilkynna um framboð til stjórnar á netfangið stjornun@eik.is lýkur sjö sólarhringum fyrir aðalfund, nánar tiltekið kl. 15:00 fimmtudaginn 9. apríl 2026. Eyðublöð vegna framboðs til stjórnarsetu er að finna á heimasíðu félagsins og verða upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar birtar þar og verða til sýnis á skrifstofu þess eigi síðar en sólarhring eftir að framboðsfrestur rennur út.

Stjórn skal eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalfund leggja fram tillögu um skipan nefndarmanna í tilnefningarnefnd. Fresti hluthafa til að nýta tillögurétt sinn að skipan tilnefningarnefndar lýkur tíu sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar, nánar tiltekið kl. 15:00 mánudaginn 6. apríl 2026, og skulu slíkar tillögur

sendar skriflega til stjórnar á netfangið stjornun@eik.is. Upplýsingar um framboð til tilnefningarnefndar skulu birtar á heimasíðu félagsins eigi síðar en 7 sólarhringum fyrir fund.

Aðalfundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður, sbr. 11. gr. samþykktar félagsins. Aðalfundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn og atkvæðaseðlar einnig á íslensku.

Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa og annað sem varðar aðalfundinn, svo sem endanleg dagskrá, tillögur stjórnar og hluthafa, starfskjarastefna, samþykktir félagsins, skýrsla tilnefningarnefndar félagsins, starfsreglur tilnefningarnefndar, eyðublöð vegna umboðs og framboðs til stjórnar ásamt upplýsingum um atkvæðagreiðslu, skjöl sem verða lögð fram á aðalfundi, upplýsingar um frambjóðendur, upplýsingar um fjölda hluta og atkvæðafjölda í félaginu, er (eða verður eftir því sem þau verða til) að finna á heimasíðu félagsins. Auk þess munu viðeigandi gögn liggja frammi í höfuðstöðvum félagsins, að Smáratorgi 3, 201 Kópavogi, þremur vikum fyrir aðalfundinn.

Á heimasíðu félagsins má m.a. finna upplýsingar um tillögur stjórnar um breytingar á starfskjarastefnu félagsins og samþykktum ásamt kaupréttaráætlun og kaupréttarkerfi.